

Fundargerð 96. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 21. ágúst kl. 10:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir og Knútur Emil Jónasson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtök orkusveitarfélaga - aðalfundur 2026 - 2606002SO

Stjórn fór yfir lokaundirbúning fyrir aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga sem fór fram síðar sama dag.

2. Samtök orkusveitarfélaga - aðalfundur Umsókn um aðild - 2609001SO

Eyja- og Miklaholtshreppur og Vesturbyggð hafa sótt um aðild að Samtökum orkusveitarfélaga.

Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja beiðni Eyja- og Miklaholtshrepps og Vesturbyggðar að samtökunum.

3. Umsögn um drög að þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku - 2608005SO

Drög að umsögn lögð fyrir stjórn til samþykktar.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi umsögn og felur starfsmanni að senda hana í samráðsgátt.

4. Önnur mál - 2509006SO

Stjórn þakkar Ásu Valdísi Árnadóttur, Kjartani Benediktssyni og Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur kærlega fyrir samstarfið og þeirra framlag til starfsemi samtakanna síðustu ár en þau hafa setið sinn seinasta stjórnarfund hjá samtökunum.

Fundi var slitið kl. 12:30